

## Greiðsluafkoma ríkissjóðs 2004

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir árið 2004 liggar nú fyrir. Við samanburð á afkomu fyrri ára verður að hafa í huga að mánaðaruppgjörið er nú með breyttu sniði og hefur framsetning afkomuyfirlits verið færð nær almennum sjóðstremmisýfirlitum.

**Heildaryfirlit.** Uppgjörið sýnir að handbært fé frá rekstri var því sem næst í jafnvægi, eða neikvætt um 0,3 milljarða króna. Það er tæpum 10 milljörðum betri staða en um áramótin þar á undan, en heldur lakara en spáð var sl. haust eða sem nemur 2½ milljarði króna.

**Tekjur** Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 280,7 milljörðum króna á árinu 2004 og hækkuðu um 21 milljarð króna frá árinu á undan, eða um 8,1%. Þetta er liðlega 1,3 milljörðum króna meiri innheimta en gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins 2004. Skatttekjur ríkissjóðs námu þar af um 260,7 milljörðum króna og hækkuðu um 13,1% frá fyrra ári sem er 3,1 milljarði króna meiri innheimta en áætlanir gerðu ráð fyrir. Til samanburðar má nefna að almennt verðlag hækkaði um 3,2% á tímabilinu þannig að skatttekjur hækkuðu að raungildi um 9,6%.

Innheimta skatttekna á tekjur og hagnað hækkuðu um 10,7% frá fyrra ári. Þar af skiluðu tekjuskattar einstaklinga um 6,7 milljörðum krónum meira en árið 2003, sem er 12% aukning og tekjuskattar lögaðila skiluðu 0,8 milljarði króna meira en í fyrra, sem er 8,3% aukning. Innheimta tryggingagjalda jókst um 11,1% á milli ára en til samanburðar má nefna að launavísitala Hagstofu Íslands hækkaði um 4,7% á sama tímabili. Tekjur af eignarskatti hækkuðu einnig frá fyrra ári, eða um 38,8% sem jafngildir 34,5% raunhækku. Þar munar mestu um aukningu í innheimtu stimpilgjalda en þau hafa aukist um 73,6% á milli ára enda urðu miklar breytingar á íbúðarlánamarkaði á síðastliðnu ári sem leiddi til þess að fasteignaviðskipti og endurfjármögnum húsnaðislána jukust til muna. Innheimta veltuskatta ríkissjóðs jókst um 13,4% frá 2003 eða um 9,9% að raungildi. Þar af vegur 13,5% aukin innheimta virðisaukaskatts þyngst en aðrir óbeinir skattar jukust um 13,1%. Þess má geta að töluverð aukning var í innheimtu vörugjalda af ökutækjum, eða um 37,4% en hana má fyrst og fremst rekja til aukningu í innflutningi bifreiða.

**Gjöld.** Útgreiðslur ríkissjóðs námu 280 milljörðum króna á árinu 2004. Það er hækkun um tæpa 12 milljarða frá fyrra ári, eða 4,3%. Hækkunin kemur næralfarið fram í félagsmálum, sem hækka um 11 milljarða. Greiðslur til þess málaflokks nema tæpum ¾ af heildarútgreiðslum ríkissjóðs. Þannig hækka greiðslur til almannatrygginga um 3,8 milljarða, til heilbrigðismála um 3,2 milljarða og til fræðslumála um 1,9 milljarða króna. Hjá atvinnumálum munar mestu um 2 milljarða hækkun til samgöngumála. Á móti vega lækkanir til ákveðinna málaflokka og munar þar langmestu um 1,9 milljarða lægri vaxtagreiðslur heldur en árið 2003. Aðrar breytingar milli ára vega minna. Greiðslurnar eru í heild tæpum 8 milljörðum innan marka fjárheimilda og munar þar mestu um ónyttar inneignir til samgöngumála.

**Lánahreyfingar.** Lántökur námu 25,9 milljörðum króna, en afborganir voru 32,5 milljarðar. Auk þess voru greiddir 7,5 milljarðar til Lifeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs. Handbært fé jókst um 8,3 milljarða á árinu.

### Sjóðstremmi ríkissjóðs janúar-desember (í milljónum króna)

	<u>2000</u>	<u>2001</u>	<u>2002</u>	<u>2003</u>	<u>2004</u>
Innheimtar tekjur.....	207.385	218.642	227.258	239.429	280.696
Greidd gjöld.....	195.411	221.305	246.810	268.714	280.382
<b>Tekjujöfnuður.....</b>	<b>11.974</b>	<b>-2.663</b>	<b>-19.522</b>	<b>-29.108</b>	<b>315</b>
Söluhagn. af hlutabr. og eignahl. ....	88	1.106	3.252	10.177	-
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda.....	2.642	-1.242	1.688	9.836	-607
<b>Handbært fé frá rekstri.....</b>	<b>14.704</b>	<b>-2.799</b>	<b>-14.612</b>	<b>-9.272</b>	<b>-292</b>
 <b>Fjármunahreyfingar.....</b>	<b>1.844</b>	<b>-22.915</b>	<b>10.478</b>	<b>21.115</b>	<b>22.700</b>
 <b>Hreinn lánsfjárjöfnuður.....</b>	<b>16.548</b>	<b>-25.714</b>	<b>-4.134</b>	<b>11.843</b>	<b>22.408</b>
 <b>Afborganir lána.....</b>	<b>-34.542</b>	<b>-22.407</b>	<b>-32.298</b>	<b>-30.702</b>	<b>-32.477</b>
Innanlands.....	-21.007	-7.603	12.217	-18.252	-7.291
Erlendis.....	-13.534	-14.804	20.081	-12.450	-25.186
 <b>Greiðslur til LSR og LH.....</b>	<b>-7.000</b>	<b>-12.500</b>	<b>-9.000</b>	<b>-7.500</b>	<b>-7.500</b>
 <b>Lánsfjárjöfnuður. brúttó.....</b>	<b>-24.994</b>	<b>-60.620</b>	<b>-45.432</b>	<b>-26.359</b>	<b>-17.569</b>

<b>Lántökur.....</b>	<b>25.296</b>	<b>61.445</b>	<b>42.914</b>	<b>24.749</b>	<b>25.867</b>
Innanlands.....	3.564	12.751	12.361	28.334	9.740
Erlendis.....	21.731	48.695	30.553	-3.584	16.127
<b>Greiðsluafkoma ríkissjóðs.....</b>	<b>302</b>	<b>825</b>	<b>-2.518</b>	<b>-1.610</b>	<b>8.298</b>

**Tekjur ríkissjóðs janúar-desember**  
(í milljónum króna)

	Breyting frá fyrra ári. %						
	<b>2002</b>	<b>2003</b>	<b>2004</b>	<b>2001</b>	<b>2002</b>	<b>2003</b>	<b>2004</b>
<b>Skatttekjur í heild.....</b>	<b>212.049</b>	<b>230.539</b>	<b>260.720</b>	<b>5,3</b>	<b>4,3</b>	<b>8,7</b>	<b>13,1</b>
<b>Skattar á tekjur og hagnað.....</b>	<b>67.058</b>	<b>75.265</b>	<b>83.323</b>	<b>14,1</b>	<b>4,4</b>	<b>12,2</b>	<b>10,7</b>
Tekjuskattur einstaklinga.....	52.635	55.847	62.561	16,8	6,4	6,1	12,0
Tekjuskattur lögaðila.....	6.788	10.083	10.922	4,8	-21,5	48,5	8,3
Skattur á fjármagnstekjur o.fl.....	7.634	9.336	9.841	7,6	25,1	22,3	5,4
<b>Tryggingagjöld.....</b>	<b>22.431</b>	<b>25.013</b>	<b>27.790</b>	<b>9,8</b>	<b>7,0</b>	<b>11,5</b>	<b>11,1</b>
<b>Eignarskattar.....</b>	<b>11.037</b>	<b>8.676</b>	<b>12.046</b>	<b>8,7</b>	<b>3,1</b>	<b>-21,4</b>	<b>38,8</b>
<b>Skattar á vöru og þjónustu.....</b>	<b>110.814</b>	<b>120.866</b>	<b>137.038</b>	<b>-1,0</b>	<b>3,8</b>	<b>9,1</b>	<b>13,4</b>
Virðisaukaskattur.....	73.645	80.264	91.098	1,3	5,3	9,0	13,5
Aðrir óbeinir skattar.....	37.169	40.601	45.941	-3,7	1,0	9,2	13,1
Þar af:							
Vörugjöld af ökutækjum.....	2.866	4.422	6.074	-40,4	-4,3	54,4	37,4
Vörugjöld af bensíni.....	7.382	7.464	8.320	-1,7	-0,6	1,1	11,5
Þungaskattur.....	4.722	4.957	5.825	5,8	-1,8	5,0	17,5
Áfengisgjald og tóbaksgjald.....	8.827	9.892	10.217	-1,5	0,4	12,1	3,3
Annað.....	13.372	13.866	15.505	0,8	4,5	3,7	11,8
Aðrir skattar.....	<b>709</b>	<b>719</b>	<b>523</b>	<b>15,3</b>	<b>15,1</b>	<b>1,3</b>	<b>-27,2</b>
<b>Aðrar tekjur.....</b>	<b>21.713</b>	<b>29.244</b>	<b>19.977</b>	<b>21,5</b>	<b>23,4</b>	<b>34,7</b>	<b>-31,7</b>
<b>Tekjur alls.....</b>	<b>233.762</b>	<b>259.783</b>	<b>280.696</b>	<b>6,4</b>	<b>5,8</b>	<b>11,1</b>	<b>8,1</b>

**Gjöld ríkissjóðs janúar-desember**  
(í milljónum króna)

	Breyting frá fyrra ári. %						
	<b>2002</b>	<b>2003</b>	<b>2004</b>	<b>2001</b>	<b>2002</b>	<b>2003</b>	<b>2004</b>
<b>Almenn mál.....</b>	<b>27.119</b>	<b>27.672</b>	<b>28.692</b>	<b>3,3</b>	<b>12,4</b>	<b>2,0</b>	<b>3,7</b>
Almenn opinber mál.....	14.941	15.093	15.233	2,5	12,8	1,0	0,9
Löggæsla og öryggismál.....	12.178	12.579	13.459	4,2	12,0	3,3	7,0
<b>Félagsmál.....</b>	<b>154.233</b>	<b>172.132</b>	<b>183.182</b>	<b>15,2</b>	<b>13,4</b>	<b>11,6</b>	<b>6,4</b>
Þar af: Fræðslu- og menningarmál....	32.588	35.314	38.564	19,3	11,5	8,4	9,2
Heilbrigðismál.....	64.965	71.490	74.678	9,6	15,1	10,0	4,5
Almannatryggingamál.....	47.566	55.121	58.948	20,7	12,9	15,9	6,9
<b>Atvinnumál.....</b>	<b>36.451</b>	<b>40.947</b>	<b>41.999</b>	<b>15,2</b>	<b>6,1</b>	<b>12,3</b>	<b>2,6</b>
Þar af: Landbúnaðarmál.....	11.033	11.605	11.664	19,3	5,7	5,2	0,5

Samgöngumál.....	16.078	18.161	20.152	14,2	6,0	13,0	11,0
<b>Vaxtagreiðslur.....</b>	<b>17.789</b>	<b>14.949</b>	<b>13.076</b>	<b>4,3</b>	<b>5,8</b>	<b>-16,0</b>	<b>-12,5</b>
<b>Aðrar greiðslur.....</b>	<b>11.218</b>	<b>13.015</b>	<b>13.432</b>	<b>24,2</b>	<b>12,2</b>	<b>16,0</b>	<b>3,2</b>
<b>Greiðslur alls.....</b>	<b>246.810</b>	<b>268.714</b>	<b>280.382</b>	<b>13,3</b>	<b>11,5</b>	<b>8,9</b>	<b>4,3</b>